

Áveitan

2. tbl. 7. árgangur. Febrúar 2013

Héraðsleikar 10 ára og yngri

2. mars næstkomandi munu Héraðsleikar HSK 10 ára og yngri í frjálsum íþróttum fara fram í íþróttahúsinu á Hellu. 10 ára keppa í langstökki án atrennu, hástökki, kúluvarpi, 30m hlaupi. 9 ára keppa í langstökki án atrennu, skutlukasti og 30m. hlaupi. 8 ára og yngri keppa í þrautabraut þar sem keppendur reyna að safna sem flestum stigum í ýmsum frjálsíþróttatengdum þrautum. Þjálfari krakkana, **Örvar Rafn Hlíðdal tekur við skráningum á mótið í síma 823-5855 og þær þurfa að berast í síðasta lagi miðvikudaginn 27. febrúar.**

Að sjálfsgöðu viljum við að allir krakkarnir keppi í Þjótanda keppnisbol til þess að það myndist góð stemming og líðsheild á mótinu. Bolurinn kostar 1500 kr. og þið getið pantað bol um leið og þið skráið barnið ykkar. Þess ber að geta að allir krakkar fá verðlaunapening fyrir þátttökuna. Héraðsleikarnir eru alltaf fjölsótt og skemmtilegt mót svo við hvetjum ykkur eindregið til að leyfa börnunum ykkar að taka þátt og kynnast frjálsum íþróttum!

Ungmennafélögin

Hjónaskemmtun Gaulverja – Þorablót

Minnt á að frestur til að panta miða á Hjónaskemmtun Gaulverja þann 9. febrúar rennur út miðvikudaginn 6. febrúar. Panta skal miða hjá Jóhanni Snorra Arnarssyni Brandshúsum 1 í síma 864-8243, Ástu Hrönn Ásgeirsdóttur Brandshúsum 6 í síma 772-5045 og í Dalbæ í síma 486-3394.

Sjáumst hress og kát. Nefndin



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá Sveitarstjóra

Snjómokstur

Þessi vetur hefur enn sem komið er, verið óvenju snjóléttur. Það er þó ágætt að rifja upp vinnureglur varðandi snjómokstur því veturinn er langt í frá liðinn. Meginmarkmið snjómoksturs eru þau að koma börnum í skólann á réttum tíma og greiða um leið akstursleiðir þeirra sem þurfa að komast til vinnu utan heimilis. Einnig að tryggja það að mjólkurbílar komist að kúabúum. Verktakar eiga að hafa opnað leiðir fyrir kl. 7:00 þá morgna sem mokað er. Það er hins vegar ekki farið af stað þegar veður er þannig að það fenni jafnóðum í förin. Það er einnig matsatriði hverju sinni hvenær er best að hefja mokstur og reynt að haga framkvæmdum þannig að það skili sem mestum árangri samkvæmt meginmarkmiðum.

Ríkisstjórnarfundur

Fulltrúar Flóahrepps fóru á fund með ríkisstjórn Íslands föstudaginn 25. janúar s.l. Hvert sveitarfélag fékk 5 mínútur til að kynna helstu mál og sjónarmið á hverjum stað. Þau mál sem kynnt voru fyrir Flóahrepp voru eftirfarandi:

Jöfnun húshitunarkostnaðar

Aðeins hluti af íbúum Flóahrepps búa við þau gæði að hafa hitaveitu en um 2/3 hluti íbúa kynda hús sín með rafmagni.

Eitt brýnasta hagsmunamál íbúa á köldum svæðum er aukin niðurgreiðsla rafmagns þar sem húshitunarkostnaður er íþyngjandi fyrir fjölskyldur og fyrirtæki.

Ríkisstjórnin var hvött til að endurskoða löggjöf á sviði raforku- og hitaveitumála með því t.d. að leggja á sértakt jöfnunargjald sem notað verði til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar og flutningskostnaðar á raforku þannig að notendur greiði sama verð fyrir þjónustu, óháð búsetu.

Ljósleiðari

Sveitarfélög í uppsveitum og Flóahreppi hafa verið að skoða möguleika á ljósleiðaratengingu. Í dag búa íbúar á þessu svæði við það að geta keypt allt að 10GB kvóta af erlendu gagnamagni í gegnum þráðlaust net (fyrir utan Skeiða- og Gnúpverjahrepp sem réðust í það verkefni að leggja ljósleiðara í sveitarfélagið).

Því fleiri notendur sem nota þráðlaust net samtímis, því minni gagnahraði og algengur gagnahraði er um 5Mb/s á svæðinu.

Á heimasíðu Símans má sjá frétt um að ljósnet Símans muni ná til 75% heimila á landinu árið 2014 og gert er ráð fyrir að um 70% þessara heimila eigi kost á 100Mb/s hraða það ár.

Samkvæmt fjarskiptaáætlun er ekki gert ráð fyrir lagningu ljósleiðara á okkar svæði næsta áratuginn. Áætlun um kostnað vegna ljósleiðaralagnar í Flóahrepp hefur verið stillt upp sem hljóða upp á um 307 mkr en sá kostnaður myndi alfarið lenda á sveitarfélaginu.

Þetta er meiri kostnaður en flest sveitarfélög ráða við og spurning hvort að ekki þurfi að jafna gífurlegan aðstöðumun í þessu sambandi með einhverju móti því gott netsamband er mikið byggðarsjónarmið.

Samgöngumál

Brýnt er að setja bundið slitlag á malarvegi sveitarfélagsins og óskað er eftir því að eftirtaldir vegir komist sem fyrst inn í samgönguáætlun.

Hamarsvegur (308)

Öndarholtsvegur (311)

Urriðafossvegur (302)

Ölvisholtsvegur (303)

Villingaholtsvegur (305) Sá hluti sem eftir á að leggja bundið slitlag á.

Allt eru þetta vegir sem eru mikilvægar samgönguæðar í sveitarfélaginu en eru nánast ófærir sökum lélegs viðhalds mörg undanfarin ár.

Sorphirða

Fulltrúar Íslenska Gámafélagsins mættu á síðasta fund sveitarstjórnar Flóahrepps. Það voru þeir Jón Þórir Frantzson, Birgir Kristjánsson og Guðjón Egilsson sem kynntu sorphirðu og endurvinnslu í sveitarfélaginu frá því að sveitarfélagið gerði samning við fyrirtækið árið 2008. Fram kom að frá því að sorpurðunarstaðurinn í Kirkjuferjuháleigu lokaði skiptir enn meira máli en áður að flokka sorpið til að halda flutningskostnaði í skefjum.

Ný sorphirðuhandbók verður send íbúum sveitarfélagsins á næstunni.

Vinna við mat á leikskólamállum

Trausti Þorsteinsson og Hólmfríður Árnadóttir vinna nú að skýrslu um kosti þess og galla að flytja leikskólann Krakkaborg í Flóaskóla og kosti þess og galla að hafa leikskólann áfram við Þingborg.

Fjöldmargir aðilar sem tengjast skólunum voru fengnir til álitsgerðar og umsagnar. Þar má nefna skólastjóra, kennara, leikskólakennara, fræðslunefnd og fulltrúa foreldra beggja skóla.

Trausti og Hólmfríður vinna bæði við Háskólann á Akureyri.

Lýsing sparkvallar við Flóaskóla

Samþykkt hefur verið að setja upp lýsingu á sparkvöllinn við Flóaskóla. Mikið myrkur er á skólalóðinni nú á dimmasta tíma ársins og full ástæða til að lýsa svæðið meira.

Breyting á reglum um hvatagreiðslur og styrki vegna æfinga- og keppnisferða

Samþykkt hefur verið að breyta reglum um hvatagreiðslur til íþróttalista- og tómsundaiðkunar og reglum um styrki vegna æfinga- og keppnisferða.

Breytingar gera ráð fyrir því að styrkumsækjendur skili inn umsóknareyðublöðum ásamt fylgigögnum fyrir 1. maí í stað 1. apríl vegna voranna og 1. desember í stað 1. nóvember vegna haustanna. Styrkir verða greiddir út eigi síðar en 15. júní og 15. janúar ár hvert.

Þessar breytingar eru gerðar með það í huga að betra sé fyrir foreldra og forráðamenn að útvega staðfestingar fyrir greiðslur ef lengra er liðið á tímabilið.

Ásahreppur bætist við embætti skipulags- og byggingarfulltrúa

Samþykkt hefur verið að Ásahreppur verði aðildarsveitarfélag að embætti skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita og Flóa bs.

Vegna þessa var ákveðið að breyta nafni embættisins og heitir það nú Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.

Kirkjukórinn – starf á útmánuðum

Fyrsta æfing kórsins eftir jólafrí verður í Þjorsárverri þriðjudaginn 12. febrúar kl. 20.30 – 22.30. Þá verður kominn sprengidagur. Æfingatími kórsins stendur fram á hvítasunnu sem verður 19. maí.

Starfið síðasta misseri: Í fyrravor fórum við í kórferð norður að Húnaflóa, gistum tvær nætur við Blönduós, tókum þátt í samkomu í Húnaveri og fórum út á Skaga og vítt um hérað.

Í haust bauð kórinn félögum í hópferð til frumsýningar á Hreinu hjarta, sem tekin var upp í kirkjunum hér í prestakallinu og fjallar um starfsumhverfi sr. Kristins Ágústs sóknarprests þegar sóknarmörk breyttust. Síðan fórum við í kvöldbita í Tapashúsinu niður við Reykjavíkurhöfn.

Austur í Kirkjuhol, dvalarheimilið á Hvolsvelli, fóru 10 félagar með organistanum undir lok jólaföstu, sungum þar aðventulög og önnur lög með vistmönnum og svo drukku allir saman kaffi.

Nýir félagar eru velkomnir og er boðið að hafa samband við Inga Heiðmar organista í síma 4823777 og 8652586 eða Elinu Bjarnveigu formann kórsins í síma 4863344 og 6162176.

Fréttir frá Krakkaborg

Það er ótrúlegt til þess að hugsa að fyrsti mánuður ársins sé liðinn, en tíminn líður hratt og þá sérstaklega þegar gaman er. Janúarmánuður var frekar rólegur hjá okkur í Krakkaborg viðburðalega séð, enda er það ágætt eftir annasaman desembermánuð. Það var þó engin lognmolla hjá okkur því þar sem rúmlega 40 börn koma saman, þá er yfirleitt ekki setið auðum höndum.

Börnin fylgja því dagskipulagi sem gildir á hverri deild og er dagskráin hjá þeim fjölbreytt. Þau fara í listakrök, tónlist, íþróttir í sal, könnunarleik, einingakubba, sullukrök, málörvun og svo er auðvitað góður tími gefinn fyrir frjálsan leik bæði úti og inni. Veðrið hefur svolítið verið að stríða okkur upp á síðkastið því að miklir svellbunkar myndast reglulega á útisvæðinu okkar. Útivist hefur því stundum verið erfið og þá sérstaklega fyrir yngstu nemendurna. Ekki bætir rokið ástandið en við gerum okkar besta og reynum að komast út a.m.k. einu sinni á dag.

Elstu börnin fara reglulega í heimsóknir í Flóaskóla og nú eftir áramót fara þau tvisvar sinnum í mánuði. Í Flóaskóla kynnast þau nemendum og starfsfólki og fá einnig tækifæri til að prófa ólíkar námsgreinar s.s. heimilisfræði, íþróttir, smíði, textílmennt ásamt því að vera í fjölbreyttri verkefnavinnu með 1. bekk. Í janúar lengjast heimsóknirnar um klukkustund og fá þau að borða í mötuneytinu í Þjórsárveri áður en þau koma aftur í Krakkaborg.

Í lok janúar héldum við þorablót í leikskólanum en þá var boðið upp á úrvals þorramat í hádeginu. Fyrir um daginn komu öll börn og starfsfólk leikskólans saman á söngfundum og sungu nokkur vel valin þorra- og vetrarlög ásamt því að heiðra afmælisbörn janúarmánaðar. Þann dag var líka dótadagur en þá komu börnin með eitt leikfang að heiman með sér í leikskólann. Dagurinn var mjög skemmtilegur og heppnaðist ljómandi vel.

Í febrúar verður nóg að gera hjá okkur. Við höldum upp á dag leikskólans 6. febrúar með því að setja upp ljósmyndasýningu um leik og starf í Krakkaborg. Eru allir velkomnir að kíkja í heimsókn til okkar og skoða sýninguna. Þann dag verður líka boðið upp á andlitsmálningu fyrir börnin og pizzuveislu í hádeginu. Í febrúar eru svo líka bolludagur, sprengidagur og öskudagur en þá daga er mikið fjör í leikskólanum og nóg um að vera.

Með kveðju,
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri, Krakkaborg

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Opið hús

Eydís í Kolsholti ætlar að bjóða okkur í opið hús hjá sér fimmtudagskvöldið 14. febrúar frá kl 20. Munum eftir að koma með veitingarnar með kaffinu.

Prjónakvöld

Við ætlum að standa fyrir prjónakvöldi fimmtudagskvöldið 21. febrúar í Þjórsárveri frá kl. 20. Allir velkomnir sem hafa gaman af prjónaskap og samveru.

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

verður haldinn sunnudagskvöldið **10. mars** n.k. í Þjórsárveri kl.20. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Kjósa þarf um formann, en núverandi formaður Valgerður Gestsdóttir gefur ekki kost á sér til endurkjörs.

Nýjar konur hjartanlega velkomnar í félagið.

Kaffikonur: Eydís Eiríksdóttir, Fanney Ólafsdóttir, Halla Aðalsteinsdóttir, Hallfríður Aðalsteinsdóttir, Hólmfríður Tómasdóttir, Rósa Matthíasdóttir.

Konur í uppröðun og frágang í Þjórsárveri fyrir og eftir fund:
Valgerður Gestsdóttir og Sólveig Þórðardóttir.

Með kveðju, stjórnin.

Fjör í Flóa

Nú er undirbúningur fyrir Fjör í Flóa að hefjast og viljum við biðja þá sem eru með einhverjar hugmyndir að atburðum eða ætla að vera með opið hús að hafa samband við okkur. Einnig væri gott að fá að vita af smádyrum til að hafa til sýnis. Fjör í Flóa verður helgina 31. maí til 2. júní.

Rekstrarstjórn Félagsheimilanna
sigmarorn@hotmail.com

Frá Hrossaræktarfélagi Villingaholtshrepps:

Folaldasýning félagsmanna Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldin laugadaginn 16. feb. 2013 í reiðhöllinni á Austurási kl.14.00.

Þáttökugjald er 2000 kr fyrir hvert folald. Skráning í síma hjá Atla Geir S:8982256 atligeir@hive.is eða Óðinn Örn S: 8661230 foli72@gmail.com

Skráningafrestur rennur út kl 22.00 14. feb. 2013.

koma verður fram (IS-númer), móðir, faðir, ræktandi og eigandi.

Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl.13.30 Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin.

Austurás er hesthús og reiðskemma sem stendur rétt við Selfoss, nánar tiltekið við hliðina á Austurkoti og Votmúla.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Kveðja, stjórnin

Aðalfundur Sauðfjarræktarfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur félagsins verður haldin í Þingborg mánudaginn 18. febrúar næstkomandi kl 20:30. Á dagskrá fundarins eru venjubundin aðalfundarstörf, verðlaunaveitingar fyrir afurða hæsta bú félagsins og fyrir bestu 5.v ána.

Jóhannes Sveinbjörnsson í Heiðarbæ verður einnig með erindi um fôðrun sauðfjár. Nýir félagar velkomnir. Kaffi og meðlæti selt á staðnum. Vonumst eftir góðri mætingu.

Stjórnin

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Kæru félagskonur

Gunnur á Hofi ætlar að bjóða til samverustundar miðvikudaginn 20. febrúar frá 20.00 og ætlum við sem viljum (engin skylda) að hekla ungbarnahúfur fyrir fæðingardeildina á Hsu. Þetta er verkefni á vegum S.S.K.

Hver kona kemur með sitt garn og heklunál, einhverjar uppskriftir verða á staðnum, en liti og snið er hver og ein frjáls að ákveða. Heitt verður á könnunni, en við tókum með eitthvað meðlæti. Nokkuð af myndum húsfreyjunnar verður hægt að skoða. Gaman væri að sjá ykkur sem flestar og eiga saman góða kvöldstund.

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg þriðudagskvöldið 5. mars n.k. kl.20:30. Venjuleg aðalfundarstörf. Nýir félagar hjartanlega velkomnir á þennan afmælisfund, en Kvenfélag Hraungerðishrepps verður 80 ára á þessu ári.

Kaffikonur: Betzy, Helga Sig., Hilda, Ingunn, Sigríður Harðar og Matthildur.

Nánar auglýst síðar.

Kveðja, stjórnin

Fyrirlestur um Fóðrun og meðferð hrossa með Ingimar Sveinssyni

Hrossaræktarfélagin þrjú í Flóahreppi ætla að bjóða upp á fyrirlestur mánudagskvöldið 11.febrúar nk. kl. 20.30 í Þingborg. Það er hinn kunnni hestamaður og fyrrum kennari á Hvanneyri, Ingimar Sveinsson sem ætlar að fjalla um fóðrun og meðferð hrossa en hann býr að ómældri þekkingu og reynslu á þessu sviði og eins hinu, að miðla til annarra. Ingimar hefur áratugum saman víðað að sér fróðleik um hesta og hestahald en hann gaf út bókina "Hrossafræði Ingimars" eins og kunnugt er fyrir u.þ.b tveimur árum.

Þetta er einstakt tækifæri fyrir fólk til að ná sér í þekkingu og geta varpað fram fyrirspurnum til hans og vonumst við til að sjá sem flesta. Aðgangseyrir er aðeins 1000 kr. og kaffi verður selt á staðnum. Allir velkomnir.

Stjórnir Hrossaræktarfélaga Flóahrepps

Auglýsing frá leikskólanum Krakkaborg

Leikskólinn Krakkaborg leitar eftir starfskrafti í afleysingar í tvær vikur í nóvember n.k. Einnig að viðkomandi sé tilbúinn í tímabundin afleysingastörf ef þörf er á.

Nánari upplýsingar veitir Karen Viðarsdóttir, leikskólastjóri í síma 482-3085.

Frá UMF Baldri:

Formannsskipti í Umf. Baldri

Rúnar Hjálmarsson hefur gefið frá sér í bili formannsembættið sem hann var kosinn til á síðasta aðalfundi vegna persónulegra ástæðna. Og mun því Baldur Gauti Tryggvason varaformaður félagsins sinna störfum formanns í bili.

Þorrablót

Umf. Baldur þakkar öllum þeim mættu á þorrablót í Þingborg kærlega fyrir komuna og vonandi sjáumst við aftur á næsta ári á ennþá flottara þorrablótí.

Reglur vegna styrkja

Mínum á reglurnar sem stjórn Umf. Baldurs setti sér um styrkveitingar til félagsmanna og birtust í síðasta tölublaði Áveitunnar .

Að lokum

Félagið er með Facebooksíðu undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Endilega gerist vinir okkar þar og fáid fréttirnar beint í æð.

Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps:

Folaldasýning verður haldinn sunnudaginn 24. febrúar í Sleipnishöllinni á Selfossi. Eigendur folalda eru beðnir um að vera mættir kl 13:00, en sýningin hefst kl 13:30. Ágúst Ingi tekur við skráningu í síma 899-5494 eða 482-1032, eða netfangið: agustk@visir.is.

Þátttökugjald er 1500 kr á folald og greiðist á staðnum. Það sem koma þarf fram við skráningu er eftirfarandi: litur, nafn, faðir, móðir, eigandi og ræktandi.

Kaffiveitingar verða seldar á staðnum gegn vægu gjaldi.

Stjórnin.

Þjótandi-Úrslit íþróttamóta í janúar:

Aldursflokka- og Unglingamót HSK

Aldursflokka- (11-14 ára) og unglíngamót HSK (15-22 ára) fóru fram samtímis í Laugardalshöllinni í Reykjavík 6. Janúar síðastliðinn. Þjótandi átti 9 keppendur á mótinu og árangur þeirra var eftirfarandi:

Nafn	Ár	grein	árangur	sæti
Dagur Fannar Einarsson	'02	60m. hlaup	9,00 sek.	1.
		Langstökk	3,30m.	5.
		800m. hlaup	2:57,7 mín.	1.
Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	60m. hlaup	10,30 sek.	9.-10.
		Kúluvarp	6,94 m.	2. (2kg)
		Hástökk	1,00m.	8.
Stefán Narfi Bjarnason	'00	60m. hlaup	8,96 sek.	3.
		Kúluvarp	8,98m.	2. (3kg)
		Langstökk	3,75m.	2.
Eyrún Gautadóttir	'99	Hástökk	1,35m.	2.
		60m. hlaup	9,85 sek.	9.
		Kúluvarp	5,66m.	8. (3kg)
		Langstökk	3,58m.	7.
Sunna Skeggjadóttir	'99	Hástökk	1,30m.	3.
		800m. hlaup	2:57,0 mín.	1.
		60m. hlaup	9,75 sek.	7.
		Kúluvarp	7,73 m.	3. (3kg)
Jón Þór Pálsson	'97	Langstökk	3,96 m.	5.
		60m. hlaup	9,11 sek.	5.
		Kúluvarp	8,94 m.	2. (5kg)
		Langstökk	4,22 m.	4.
		Hástökk	1,45 m.	3.
Jóann Páll Smáráson	'97	60m. grind.	13,62 sek.	2.
		800m. hlaup	3:03.00 mín.	1.
		60m. hlaup	9,01 sek.	4.
		Kúluvarp	7,14 m.	4. (5kg)
		Langstökk	4,51 m.	3.
Jón Gautason	'95	Hástökk	1,45 m.	4.
		60m. hlaup	8,70 sek.	1.
		Kúluvarp	10,66 m.	1. (6kg)
		Langstökk	5,02 m.	1.
Bjarni Már Ólafsson	'91	Hástökk	1,45 m.	1.
		800m. hlaup	2:28,00 mín	1.
		60 m. hlaup	8,10 sek.	1.
		Kúluvarp	10,21 m.	3. (7,26kg)
Langstökk	6,28 m.	1.		
Hástökk	1,75 m.	1.		

Úrslit mótsins urðu þau að Þjótandi varð í öðru sæti stigakeppninnar á Unglingamóttinu með 95 stig en hafnaði í 6. Sæti aldursflokkamótsins með 54 stig. Frábær árangur hjá okkar fólki! Það verður gaman að fylgjast með þessum einstaklingum og fleirum á meistaramótunum sem fara fram í febrúar og vonandi munum við eiga fleiri keppendur á héraðsmótunum í sumar. Áfram Þjótandi!

Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum

Mótið fór fram mánudagana 7. og 14. janúar og Þjótandi sendi nokkra keppendur á mótið og endaði í 3.-4. Sæti með 27 stig. Hér er árangur keppenda.

Nafn	Ár	Grein	Árangur	Sæti
Haraldur Einarsson	'87	60m. grind	8,97 sek.	1.
		200m. hlaup	23.38 sek	1.
Bjarni Már Ólafsson	'91	Hástökk	1,75m.	2.
		Langstökk	6,43m.	1.
		60m. hlaup	tímat. klikkaði	1.
Sunna Skeggjadóttir	'99	60m. hlaup	9,39 sek.	4.
		Langstökk	3,70m.	6.

Fleiri úrslit:

Bjarni Már Ólafsson

Reykjavík International Games

Langstökk: 3.sæti 6,44 m

Reykjavíkurmestaramót 15 ára og eldri

Langstökk: 1.sæti 6,64 m Vökumet

Þrístökk: 1.sæti 13,59 m

Stórmót ÍR

60m hlaup: 17-18. sæti 7,55 sek

Langstökk: 5. sæti 6,40 m

Þrístökk: 1.sæti 13,21 m

Haraldur Einarsson

Reykjavík International Games

60m hlaup: 5.sæti 7,15 sek

Reykjavíkurmestaramót 15 ára og eldri

60m grindahlaup 1.sæti 9,36 sek

Stórmót ÍR

60m hlaup: 5-6.sæti 7,23 sek

Frá Umf. Vöku

Opinn fundur leikdeildar Umf. Vöku

Verður haldinn í Þjórsárveri mánudagskvöldið 18. febrúar kl 21:00. Aðal mál fundarins verður afmælishátíð deildarinnar sem haldin verður í apríl. Allir þeir sem ætla að leggja hönd á plóg á hátíðinni eru beðnir um að mæta.

Stjórn leikdeildar

Innanhúsmót Umf. Vöku

Sunnudaginn 17. febrúar mun innanhúsmót Vöku fara fram í Þjórsárveri. Á mótinu sem er fyrir keppendur 16 ára og yngri verður keppt í langstökki- og þristökki án atrennu, hástökki og auk þess í tveimur skólahreystiþrautum sem að þessu sinni verða armbeygjur og hreystigreip. Að móti loknu fá svo allir keppendur viðurkenningu fyrir þátttökuna. Þetta mót er öllum opið, óháð félagi og við vonumst til þess að sjá sem flesta koma og reina sig í þessum innanhúsgreinum.

Nefndaskipan Umf. Vöku árið 2013

Íþróttanefnd:

Bjarni Már Ólafsson, formaður

Haraldur Einarsson

Arnar Einarsson

Tómas Karl Guðsteinsson

Ægir Atlason

Ritnefnd:

Faney Ólafsdóttir, formaður

Erla Björg Aðalsteinsdóttir

Skemmtinefnd:

Sveinn Orri Einarsson, formaður

Þorgils Kári Sigurðsson

Halldór Bjarnason

Ásrún Halla Loftsdóttir

Guðrún Inga Helgadóttir

Víkingur Freyr Erlingsson

Pistillinn

Ég vil byrja á því að þakka ritstjórn Áveitunnar fyrir áskorunina og hrósa þeim fyrir að reyna að halda lífi í Pistlinum.

Ég er í námi í Þjóðfræði við háskóla Íslands og mun útskrifast nú í vor ef lokaritgerðin mín hlýtur náð fyrir augum prófdómara. Í Þjóðfræðinni skoðum við ýmsar kenningar og veltum þar af leiðandi mörgu fyrir okkur. Ein af eftirminnilegri kenningunum sem við höfum þurft að skoða er kenning fræðikonunnar Mary Douglas um skít. Hún segir að ekkert sé í eðli sínu óhreinnt en um leið og hlutur er staddur á röngum stað þá teljist hann til óhreininda. Þannig er mold úti í garði ekki óhreinindi en ef hún er komin upp á eldhúsborð þá telst hún til óhreininda. Sígaretta sem einstaklingur heldur milli varana á sér er einnig hrein alveg þangað til henni er hent á götuna, því þar á hún ekki heima. Jafnframt segir Douglas að samband sé á milli hreinlætis og öryggiskenndar. Þess vegna drögum við oft þá ályktun að einstaklingur sem klæðist rifnum og skítugum fötum sé glæpamaður og teljum okkur vera mjög óörugg ef við göngum í gegnum skítugt hverfi í erlendri stórborg.

Í maí á síðasta ári fann ég heldur betur fyrir þessari kenningu og þessir atburðir sýndu mér að það er heil mikið að marka það sem erlendir fræðimenn segja. Ég fór í mánaðarlanga lestarferð um Evrópu ásamt sambýlismanni mínum og við heimsóttum 17 borgir í 5 löndum. Ein af borgunum sem við áttum leið um var Mílanó á Ítalíu. Við vorum búin að dveljast síðustu daga í Genf í Sviss þar sem allir íbúar borgarinnar eru ríkir og mikil snyrtimennska er í hávegum höfð. Göturnar þar voru svo hreinar að manni hefði ekki þótt tiltökumál að leggjast á þær og velta sér. Í Genf vorum við örugg og þar leið okkur vel. Þegar lestin aftur á móti stoppaði í Mílanó og við stigum niður á brautarpallinn fann ég fyrir því að kalt vatn rann mér milli skinns og hörunds. Brautarpallurinn var þakinn sigarettustubbum og dúfnaskít auk þess sem rusl virtist ekki rata ofan í ruslatunnurnar. Fólkið sem beið eftir að geta stigið um borð í lestina var sömuleiðis hálf skítugt og ekki mjög vel til fara. Skítugt umhverfið hrópaði á okkur að hér væri allt krökkt af glæpamönnum svo að við gripum fastar um bakpokana okkar, litum flóttalega í kringum okkur og flýttum okkur á brott af brautarpallinum.

Við ákváðum að láta þetta þó ekki á okkur fá og stefndum að því að skoða hina frægu dómkirkju í borgarinnar. Til þess að komast þangað þurftum við að nota neðanjarðarlestarerfið en umhverfið í neðanjarðarlestargöngunum var heldur ekki mjög traustvekjandi með öllu sínu rusli og drasli. Það hjálpaði heldur ekki til í örygginu að rekast á einfætta sígunakonu sem reyndi að hafa af okkur pening. Þegar við loksins komumst að kirkjunni og stóðum á torginu

fyrir framan hana sem er einn vinsælasti ferðamannastaðurinn í Mílanó batnaði ástandið ekkert. Ruslið fauk um í hlýrri golumni og hver einasti maður leit skuggalega út að okkur fannst. Eftir að hópur hermanna hafði leitað á okkur áður en þeir hleyptu okkur inn í kirkjuna og við höfðum náð að smella einni mynd af okkur brosandí fyrir framan hana þá rukum við aftur á lestarstöðina. Við ætluðum ekki að dvelja stundinni lengur á þessum óörugga stað og stukkum þess vegna upp í næstu lest, burt frá borginni.

Við önduðum ekki léttar fyrir en við stigum næst út úr lestinni og vorum þá komin til Verona, yndislegs bæjar nálægt Garda vatninu þar sem allt var hreint og fint og allir litu vinallega út. Þess ber að geta að eflaust hefur Mílanó ekki litið eins illa út og ég lýsi hér heldur er trúlegt að ímyndunaraflið hafi hlaupið með okkur í gönur eftir slæm fyrstu kynniá brautarpallinum. Íbúar Mílanó eru eflaust viðkunnanlegasta fólk þrátt fyrir að við höfum ímyndað okkur glæpamann í hverju horni. Af þessari sögu má allavega þann lærdóm draga að það er best að taka til heima hjá sér og skreppa í það öðru hvoru svo að gestir manns rjúki ekki hræddir í burtu þegar þeir koma í heimsókn.

Ég ætla að skora á Hugrúnu Geirsdóttur í Gerðum að skrifa næsta pistil, hún átti stóran þátt í að gera þessa lestarferð okkar eins vel heppnaða og raun ber vitni með því að leyfa okkur að gista hjá sér í Berlín.

Guðmunda Ólafsdóttir, Hurðarbaki

Glímufréttir

Marín bikarmeistari

Bikarglíma Íslands fór fram í Reykjavík laugardaginn 19. janúar. Þrjár glímukonur úr Þjótanda tóku þátt og varð árangur þeirra eftirfarandi:

+ 65 kg flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir
- 4.-5. Hanna Kristín Ólafsdóttir

- 65 kg flokkur

2. Guðrún Inga Helgadóttir

Opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir
5. Guðrún Inga Helgadóttir

Glímæfingar – breyttur æfingatími

Nú hefur æfingatími mánudagsæfinganna breyst og verða þær milli 16 og 17 framvegis. Allir velkomnir. Fimmtudagsæfingar 14 ára og eldri verða áfram á kvöldin frá 20 til 21.

Þjálfari

Frá Samhygð:

Fréttir af aðalfundi Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar fór fram í Félagslundi sunnudaginn 20. janúar. Formaður fór yfir starfið á liðnu ári sem var með hefðbundnu sniði. Hæst bar á árinu frábær árangur afrekslíþróttafólks Samhygðar þeirra Marínar Laufeyjar Davíðsdóttur glímukonu sem varð glímudrottning í annað sinn og Kristins Þórs Kristinssonar sem bætti áfram árangur sinn á hlaupabrautinni og var valinn í frjálsíþróttalandslíðið síðastliðið haust. Hugrún gjaldkeri skýrði reikninga félagsins sem komu út með dálitlu tapi en eignastaða félagsins er góð og því fjárhagurinn traustur.

Stjórn félagsins var endurkosin en hana skipa, Stefán Geirsson formaður, Hugrún Geirsdóttir gjaldkeri, Margrét Valdimarsdóttir ritari, Anný Ingimarsdóttir og Jökull Baldursson meðstjórnendur. Félagsmálabikarinn var ekki veittur að þessu sinni. Nokkrar umræður spunnust meðal fundarmanna um breyttar forsendur viðburðahalda í Félagslundi sökum hækkandi húsaleigu auk þess sem fundurinn ræddi hvernig leita mætti leiða til aukinnar fjáröflunar til ýmissa verkefna.

Formaður

Kristinn Þór stórbætti HSK metið í 800 metra hlaupi

Kristinn Þór Kristinsson hlaupari úr Umf. Samhygð stórbætti eigið HSK met í 800 metra hlaupi karla á Reykjavík International Games, sem haldnir voru í Laugardalshöllinni 19. janúar sl.

Kristinn Þór hljóp á 1:51,85 sek. og bætti eigið met um tæpar þrjár sekúndur, en fyrra met hans var 1:54,71 sett árið 2011.

Kristinn var þriðji í hlaupinu á eftir Kevin Stadler frá Þýslandi og Snorra Sigurðssyni ÍR. Hlaupið var sterkt og árangur Kristins var sá besti í karlaflokki. Kristinn fékk 1.027 stig samkvæmt stigatöflu IAAF, sem var sjötti besti árangurinn á mótinu í karlaflokki.

Sannarlega frábær árangur hjá Kristni sem lofar góðu fyrir framhaldið á þessu ári.

Messa í Gaulverjabæjarkirkju

Messað verður í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 24. febrúar kl. 14:00.

Dagskrá mánaðarins

7. febrúar	Glímuæfing eldri
9. febrúar	Hjónaskemmtun Gaulverja—Þorablót
11. febrúar	Glímuæfing kl. 16-17
11. febrúar	Fræðslukvöld Hrossaræktarfélaganna
12. febrúar	Æfing eldri
12. febrúar	Fyrsta kóræfing í Þjórsárveri
14. febrúar	Glímuæfing eldri
14. febrúar	Opið hús hjá Kvenfélagi Villingaholtshrepps
16. febrúar	Folaldasýning Hrossaræktarf.Villingaholtshrepps
17. febrúar	Innanhúsmót Umf. Vöku í Þjórsárveri
18. febrúar	Glímuæfing
18. febrúar	Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Hraungerðishrepps
18. febrúar	Fundur hjá Leikdeild Umf. Vöku
19. febrúar	Æfing eldri
20. febrúar	Samverustund Kvenfélags Hraungerðishrepps
21. febrúar	Glímuæfing eldri
21. febrúar	Þrjónakvöld Kvenfélag Villingaholtshrepps
24. febrúar	Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps
24. febrúar	Messa í Gaulverjabæjarkirkju
25. febrúar	Glímuæfing
26. febrúar	Æfing eldri
27. febrúar	Skráningarfræstur vegna Héraðsleika HSK rennur út
28. febrúar	Glímuæfing eldri
2. mars	Héraðsleikar HSK á Hellu
4. mars	Glímuæfing
5. mars	Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps
6. mars	Æfing eldri
10. mars	Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

